

Hugleiðingar um Hlíðarvatn



Þeir fiska sem róá....

Mynd: Eiríkur Stefánsson

Hlíðarvatn er Ármönnum kært. Ekki veit ég hversu oft ég hef komið þangað, ferðirnar eru óteljandi. Eftirminnilegar eru ferðir með Kolbeini Gríms sem kenndi mér öll trikkinn í bókinni, ferðir með Skúla Kristins á Charlie Brown (svo nefndist bíllinn hans Skúla sem var svo lágt undir að hann sparaði Vegagerðinni stórar fjárhæðir í heflun á Krísuvíkursvæðinu), ferðir með Pálma flugstjóra sem hneykslaðist alltaf jafn mikið ef maður var ekki standbæ úti í vatni á slaginu 07:00, ferðir með pabba og Guðmundi bróður, einhverju veiðnasta kvikindi sem ég þekki. Ég man að alltaf var rætt um hvora leiðina ætti að fara, Þrengsli eða Krísuvík. Eitt eða tvö símtöl til að kanna hvort þvottabrettin væru verri austanmegin eða við Kleifarvatnið og svo var ákvörðun tekin. Soðið saltkjöt og hangikjöt á beini ásamt Homeblest og Kókómjólk var jafnmikilvægur staðalbúnaður og Peacock. Hver einasta ferð var heilög stund og á heimleið eftir vel heppnaðan túr var strax farið að hugsa um næsta Hlíðarvatnsdag.

Ég man þá tíð þegar Ármenn fengu úthlutað einum degi hver í Hlíðarvatni og ef heppnin var með þeim eina staka stöng að auki einhvern annan dag. Allir dagar seldust, menn fengu kannski ekki draumadagana sína en þá bittuðu menn bara sín á milli svona eins

og með hasarblöðin í gamla daga. Maður fór hvernig sem viðraði, stóð jafnvel heilan dag í suðaustanfýlu úti við Réttina með berjandi lárétta rigninguna í bakið og veiddi.

En nú eru Kolbeinn og pabbi horfnir, lilli bró hættur að veiða, bundið slitlag nánast allan hringinn, veiðin fer minnkandi og færri stunda vatnið. Hver sem er getur komist hvenær sem er í Hlíðarvatn og nóg er af lausum dögum. Hvað gerðist, af hverju stunda menn ekki lengur vatnið góða sem hér áður fyrr var svo eftirsótt að slegist var um hvern einasta dag? Í úthlutun veiðileyfa hjá Ármönnum síðastliðinn vetur seldust innan við 70 dagar af ríflega 150 dögum sem voru í boði. Aðeins fjórði hver félagsmaður sækir um veiðileyfi í vatninu. Við þurfum að leita svara, brjóta til mergjar og greina hvað veldur. Því höfum við ákveðið að blása til opins umræðufundar um málefni Hlíðarvatns, vatnsins sem okkur þykir öllum svo vænt um. Undirritaður mun stjórna umræðum sem allir fundarmenn eru hvattir til að taka virkan þátt í. Staður og stund, Árósar miðvikudaginn 11. nóvember kl. 20.

Árni Þór Sigurðsson

#382

Ferðasaga úr ferð Ármanna í Vatnsdalsá



Þegar við mættum til veiða var ljóst að það yrði engin góðveður bongó blíðu veiði. Þegar sem mest lét var vindurinn tæpir 27 m/s í hviðum samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar. Vil taka fram að þegar Garðar var á Spáni voru spár Veðurstofunnar algerlega fráleitir og alls ekki nálægt rauntölum.

Lægst fór hitastigið í 3°C þannig að það var ekkert voða júlilegt veður.

Þetta gerði veiðimönnum erfitt fyrir en samt sem áður létu flestir sig hafa það að vakna snemma og veiða langt fram á kvöld. Eljusemisverðlaun fær Davíð held ég. Stóð einn á stöng frá morgni til kvölds og kveinkaði sér aldrei.

Veiðin var um 20 fiskar, margir smáir en nokkrir feitir og pattaalegir urriðar. Stærsti fiskurinn var sjögenginn og vóg rúmlega 3 kíló.

Meðfylgjandi eru myndir af urriðum sem Jón Torfason tók, veiddir í Stóra Krók, einu efsta veiðisvæðinu. Jón á líka eina bestu myndina úr ferðinni þar sem veiðifélaginn var orðinn spennur eftir alla veiði Jóns að fá alveg eins flugu og hann var að veiða á. Jón tók þá upp Vice-inn, festi við Egils Gull rútu sem óvart var að þvælast fyrir í skottinu og henti í eina flugu! Sú fluga kallast Jólátréð og virkaði einstaklega vel á urriðann í Vatnsdalsá.


Mikið var um góða samveru í veiðihúsinu, félagar úr Skegg og Skott reyndu að monta sig yfir ágæti flugna sinna á meðan Stefán Bjarni Hjaltsted kenndi minna reyndum fluguveiðimönnum að festa lykkjur, flugur og línur við stangirnar sínar.

*Takk fyrir frábæra daga,
síðumst aftur að ári!*

JOAKIM'S
MEÐ NÁNAST ALLT Í FLUGUVEIÐINA
STANGIR, HJÓL OG LÍNUR
KRÓKAR OG KÚLUR Í SILUNGAFLUGUR. KEILUR OG FLASHABOU.
FLUGU BOX, HÁFAR OG ÖNDUNARVÖÐLUR
ALLTAF GOTT VERÐ
WWW.JOAKIMS.IS | SÍMI 698-4651



Lönduís 19.07.2015 17:40 - 21.07.2015 17:40



Scott
margverðlaunaðar flugustangir

SÖLUSTADIR:
Krafla
Veiðihornið, Veiðflugur
og Veiðiportíð í Reykjavík,
Flugukofinn í Keflavík,
Veiðvörur.is á Akureyri

Vetrardagskrá í Árósum 2015-16

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum frá kl. 20-22
Opíð hús verður alla miðvikudaga í vetur.

Auglýstir viðburðir

- | | |
|---------------|--|
| 9. nóvember | Skegg og skott. Hjörtur Oddsson sýnir okkur urriðaflugurnar sínar. |
| 11. nóvember | Hlíðarvatnsmessa, almennt skraf um stöðuna í vatninu okkar. |
| 23. nóvember | Skegg og skott. Straumflugupema. |
| 25. nóvember | Meðferð afla. Árni Þór kennir okkur að elda fisk. |
| 9. desember | Jólahugvekja Ármanna. |
| 9. mars | Aðalfundur |
| 6. apríl | Flóamarkaður. Sló gersamlega í gegn í fyrra og nú endurtökum fjörið. |
| 16. apríl | Vorblót Ármanna. Eitthvað sem enginn má missa af. |
| 23.-24. apríl | Hlíðarvatnshreinsun |

Ýmislegt fleira er í deiglunni í vetur.
Nánari dagsetningar verða auglýstar síðar í
Áróði og á heimasíðu Ármanna www.armenn.is

Hlíðarvatnsmessa

Þann 11. Nóvember ætla Ármenn að standa fyrir Hlíðarvatnsmessu. Hugmyndin er að fá Ármenn til koma og skiptast á skoðun um stöðuna í vatninu. Veiðina, Hlíðarsel, ásókn í vatnið, verðlagningu veiðileyfa og allt það sem brennur á fólki sem snýr að vatninu okkar. Eflaust höfum við flest skoðun á einhverju sem snýr að Hlíðarvatni og nú er tækifæri að

tjá sig eða heyra hvað aðrir hafa að segja. Vatnið skiptir Ármenn miklu máli og langar okkur að heyra hvað þið hafið að segja. Heitt verður á könnunni að vanda og aldrei að vita nema góð veiðisaga fylgi með. Látum sjá okkur, því fleiri sem mæta þeim mun líflegri verður umræðan.

Stjórn Ármanna býður nýja félagsmenn velkomna

871 Kjartan Orri Ingvason
872 Snorri Sævar Konráðsson
873 Ásgeir Þór Sigmarsson
874 Guðmann Magnússon

875 Loftur Erlingsson
876 Pétur Friðriksson
877 Lára Sif Lárusdóttir
878 Þórunn Björk Pálmadóttir

879 Birkir Hrafn Jóakimsson
880 Sigurjón Þorvaldsson
881 Guðni Magnús Eiríksson



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000

3 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bildshöfða 16
110 Reykjavík
Freyjunesí 4
603 Akureyri

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051
Ritstjórn og ábyrgð: Garðar Þór Magnússon og Eiríkur Stefánsson

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Guðjón Ó. www.armenn.is / armenn@armenn.is